

Mál nr. 360/2010

**M
og
X v/ óþekktra ökutækja.**

Ágreiningur um bótaskyldu af völdum óþekktra ökutækja.

Gögn.

1. Málskot, móttækið 12.11.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 25.11.2010.

Málsatvik.

Þann 17.2.2008 um kl. 15 féll M af hestbaki og meiddist. Slysið varð í hesthúsahverfi við Grindavík. Mun hestur, sem M var á, hafa fælst við hávaða frá fjórum ökutækjum sem samkvæmt skýrslu lögreglu voru þrjú bifhjól (torfærubifhjól) og eitt fjórhjól. Að sögn föður M var M ásamt fleirum á hestbaki þegar ökutækjunum var ekið um hesthúsahverfið. Mjög mikill hávaði hafi komið frá þeim og við það fældust hestarnir. M hafi ekki náð að hemja hest sinn og fallið af baki. Ökutækin voru horfin af vettvangi áður lögregla náði að ræða við stjórnendur þeirra. Ekki hefur tekist að hafa upp á ökutækjunum eða stjórnendum þeirra.

M hefur krafist bóta vegna líkamstjóns síns hjá X, en samkvæmt 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjatrýggingar skal X sem ábyrgðaraðili greiða tjónþola bætur fyrir líkamsáverka vegna slyss á Íslandi ef ætla má að tjónið hafi hlotist af notkun óþekkts vélknúins ökutækis. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Tildrögum slyssins er lýst í slysatilkynningu til vátryggingafélags, svo og í framburði föður M í lögregluskýrslu. Öðrum gögnum, svo sem vitnaskýrslum, er ekki til að dreifa um það hvernig slysið bar að höndum. Þótt vera kunni að bifhjólum og fjórhjóli hafi verið ekið í grennd við þann stað þar sem M var á hestbaki verður ekki talið samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að leiddar hafi verið nægilegar líkur að því slysið verði rakið til tjónsatviks sem hafi orðið af völdum óþekkts vélknúins ökutækis, eins eða fleiri. Að svo vöxnu hefur ekki stofnast bótaskylda hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum hjá X.

Reykjavík, 21. desember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.